Bón- og þvottastöðin

v/Umferðarmiðstöðina

Tjöruþvottur: þvottur, þurrkun **250** kr.

Einnig:
Bónun, mössun,
djúphreinsun á sætum og teppum.
Sprautum felgur.
Nánari upplýsingar í síma
13380

Fréttaskot DV

Síminn sem aldrei **sefur**
Síminn er **68–78–58.**

Hafir þú ábendingu eða vitneskju um frétt hringdu þá í síma **68–78–58.**

Fyrir hvert fréttaskot, sem birtist í DV, greiðast **1.000** kr. og **3.000** krónur fyrir besta fréttaskotið í hverri viku. Fullrar nafnleyndar er gætt.

Við tökum við fréttaskotum allan sólarhringinn.

Fréttaskot DV

Síminn sem aldrei **sefur**
Síminn er **68–78–58.**

VERSLANIR!

Hin sívinsæla og myndarlega

FERMINGAR-GJAFAHANDBÓK

kemur út 20. mars nk.
Þeir auglýsendur, sem áhuga hafa á að auglýsa í FERMINGARGJAFAHANDBÓKINNI, vinsamlegast hafi samband við auglýsingadeild DV, Þverholti 11, eða í síma 27022, kl. 9–17 virka daga, í síðasta lagi mánudaginn 17. mars.



Menning Menning Menning



Ótal þátttakendur

Aldrei hef ég verið fullkomlega sáttur við myndlist Gísla Sigurðssonar. Þrátt fyrir frísklega spretti hefur mér fundist hún fremur þvinguð og ófrumleg. Þau orð mundi ég einnig nota um helftina af þeim verkum hans sem nú hanga uppi við að Kjarvalsstöðum.

Þó er þetta líkast til jafnbesta sýning Gísla til þessa. Helmingi minni hefði hún orðið honum til verulegs framdráttar. Það er ýmislegt að gerast í myndum hans sem bendir til aukins sjálfstrausts og metnaðar. Gísli hefur áhuga á að koma örlagaríkum atburðum til skila á eftirminnilegan hátt og efnir til mikilla komposisjóna með ótal þátttakendum. Það er út af fyrir sig lofsvert, nú þegar obbinn af íslenskum myndlistarmönnum lætur sér nægja að yrkja lítinn einkaskika.

Sömuleiðis tekur Gísli ýmsa áhættu í litbeitingu, spennir upp liti, ýfir litfleti og slettir málningu. Þessi dirfska ber oft ánægjulegan árangur, t.d. í ballmyndum hans, sem þurfa einmitt á slíkum sprettum að halda.

Flestir atburðir í verkum Gísla heyra til sögunni, þjóðsögunni og bókmenntum, en má augljóslega heimfæra á nútímann, kæri einhver sig um.

Myndlist

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Átyllur

En það er eins og hugur fylgi ekki alltaf máli í þessum verkum. Oft eru þau eins og átylla til þess að hranna upp skrautlegum og ögn kómískum manneskjum. Sá grunur læðist jafnvel að manni að mörg þessi „þjóðlegu" mótíf séu notuð til að þvinga fram innblástur, sem oft lætur á sér standa.

Þannig er með myndir Gísla af Tröllunum á Hellisheiði, Agli í Jórvík, Jörvagleðinni og öðrum samkomum að fornu og nýju.

Annars er oft erfitt að geta sér til um fyrirætlan Gísla, þar eð aðrir listamenn eiga það til að tala í gegnum hann. Sumir hvatlegir málarataktar í verkum hans, svo og mótíf, virðast ættaðir frá Baltasar (sjá t.d. Álfareiðin, nr.49), miklir hausar í landslagi minna óneitanlega á Eirík Smith, og hópmyndir Gísla draga stökusinnum dám af fjölskyldu- og samkvæmismyndum Einars Hákonarsonar.

Gísli hefur einnig miklar mætur á Kjarval og Gunnari Erni, eins og sést á nokkrum myndum.

Út af fyrir sig er þetta ekki leiðum að líkjast. Verk Gísla bera þess auk þess merki að hann hefur lært ýmislegt gagnlegt af þessum kollegum sínum.

Bræðingur

Sá bræðingur, sem fram kemur í verkum hans, getur aukinheldur þróast yfir í heillegan stíl með tíð og tíma.

Þótt kekkjóttur sé hann, er þessi bræðingur snöggtum heillavænlegri en portrettstíllinn sem Gísli hefur tamið sér á undanförnum árum. Hér á ég aðallega við listamannamyndir hans, þar sem hann spyrðir saman andlitsmyndir eftir ljósmyndum og tilbrigði um list þess sem á í hlut.

Ég segi kannski ekki að Gísli ætti að láta af þessari iðju, en hann ætti a.m.k. að draga úr henni. Ég veit ekki hvort allir eru jafnumburðarlyndir og Helgi Sæmundsson sem er grænn á litinn á mynd eftir Gísla.

En í alvöru talað, myndir af þessari gerð krefjast betri tækni en listamaðurinn hefur yfir að ráða eins og stendur.

-ai